Kvædid Elle-Froo

Meinaz Sira J. M. S. i Laúfáse.

Hrelldar sæler hlydid mer, sem i hollde veiku búed, orvasa menn alldrader, einkum bid eg þer snúed, hiarta og hugarinns rót, i Anda glader á minn sann, orde Guds ámót, þar serhvor siña siálfr kann, sinu Meine bót.

2 Eckert bol er líknarlaúst, lof se Gude blídum, hann med miúkre Módurraúst, mæler ollum lýdum, hægd og hugar-fró, þar so seger Herrann hýr, hiá helgum Matthæo, þer hvorier sem þraútiñ lýr, þigge hiá Mer ró.

3 Ellinn varla þyker þæg, þvíngar húñ laúngum lýde, kolld er alldrei hollde hæg, hrorna lætur prýde, og eymer allañ hag, med henne kemur monnum tión, og margt-hvad eymdarlag, sem afbragds Skállduñ Einar og Joon, inn hafa sett i brag.

4 Ordt er þad ad al heims her, elle vilie bída, geste ick þó illum er, á húñ fylgiu stríða, og sæker ad med sótt, eingiñ heñe fagnar fús, þó fara láte hliótt, svipter glede serhvort hús, soraleg dag sem nott.

5 Ellinn er i siálfre ser, sótt og hror-nun burda, ollum vid hana aptur fer,

einnin gár til þurda, Minne, Mál og
Sión, upphaf slíks eg ecke dyl, orde sínn-
ar tión, med sínum hrumleik so kom til,
ad syngudu fyrstu hión.

6 Annars hefde ei hollda hrellt, hrum=
leikinn ne elle, enn nú er so komed ad
fær hún fellt, flesta Menn ad velle, og
kemur þeim opt i kor, sorg fer epter sællífe,
Salomon vitsku or, vonder dagar
seger se, þaú sídurstú æfe Kior.

7 Soddann veike ádur og enn, elle Þyng=
dar Meina, hefr lagzt á helga Menn:
her skal nockra greina; Um **Isaac** er so
tied, og **Ahia** Spámann annann til, ei
gátu þeir sied, góda hefur so grátlegt Spil,
Guds ástvine sked.

8 Vid orde sinnar kvein og kor, karl sig
einginn hrelle; **Sancte Petur** sömu
kior, sagde **Christur**, í elle, þinne þad so
snyzt, hendur retta þú munt þá, þig skal
annar vyst, girda og leida gáng veg á, sem
girniz holldid síst.

9 **Eli** prestur afgamall, á ser giordiz þúng=
ur, styrdlegt bana feck hann fall, sastara
sat hann úngur; **Davids** dæme eg þyl,
vid ellina lagdiz kalldur í kor, af klæda vi=
vermdiz il, úng og glodheit vellavor,
vard ad koma þar til.

Var=

10 Barsillai, Kóngi kær, kvadz sá rett áttrædur, enn þá lítt af elle fær, þó æte gódar fædur, hann gæte ei grundad smeck, glede ei yrde ad saúnglist ser, sem þó fyrr var þeck, heyrnar leysid hugsaz mer, hafa bagad reck.

11 Fyrst ad slikre hnignan her, helger mæta urdu, hreyste þó ad hrørne þer, hallt þad ei fyrer furdu, lasinn karl edr Kvon, samt ertu í gunst vid Gud, hann giører víd þig sem son, og einka børn sín uppteiknud, þer er ei framar von.

12 Er þitt runnid Æfeglas, áttu þeß ad gæta, ad eins' þenker sem Elías, þá ofsókn vard ad mæta, af Jofre og Jessabel, minnum fedrum Kappinn kvad, mig kostulegre ei tel, sætur Drottinn siádu um þad, sál mín fare vel.

13 Heilagt dæme er ad heyra og siá, hvørsu Job var prúdur, í fyrerlitníng flatur lá, fe og børnum rúdur, sem holldsinnus heilbrigde: Herrans sagde hann, hond tók milld, þad hún let ádur í tie, nú er sked hanns nádug villd, Nafn hanns blessad se.

14 Abl-sinar þó hrørne her, hollds í veikum fæte, sálinn í Gude alheil er, alldradur sig því kæte, og huxe heimvon á,

enn þó kroppurst Elleraún, til andláts-vilie
þiá, eru á himinum ærinn laún, eylífann
Gud ad siá.
15 J annann máta álít þú, Ellemædde
bróder, þer mega ad sonnu þykia nú,
þíner hager góder, því hin efre ár, á
frægu hofde eru forklárud, fegre skegg og
brár, skipad hefur gódur Gud, ad gøfga
hin hvítu hár.
16 Elle króna þesse þín, þer er gefinn til
sóma, sem álftarfidur á þer skín, óvird
ei þennañ blóma, hygg ad helldur suart,
ad øll þín hegdun hvít og hrein, hrøse
dygda art, so hiartad flýe i hvorre grein,
hreckia edlid svart.
17 Því hefr Gud þer liúfur lient, lángann
tíma og alldur, ad ydriz þeß sem hefr þig
hendt, af hreckium nockrum valldur, ef
fyrr hefur fundez þú; þída Drottinns þá
hidlund, med þockum taktú nú, Ellinn
er þer óskastund, ef þú bidr í trú.
18 Ellinn má vel æskunnar, Endurfæding
heita, margur úngur vondur var, eñ vel lærde
opt ad breyta, þá áleid alldurdóm, og
er sá sæll sem fær til frest, og frid sæt
Rádartóm, síns úngdóms ad bæta brest,
so breytnin verde from.
19 Tímanlegt er lucku lán, lángañ alldur
hlióta,

hlióta; enn ógudlegum aúdnurán, ef æfiñ
fyrr vill þrióta, enn hlaúpid hálfnad er,
reide Dróttinns ránglats Manns, rífraz
lætur sier, Guds so hlióda glogt til sañs,
grimmar hótaner.
20 Nabal vard hinn ílſke þegn, Naúmi-
ſnginn ſá ríke, bráddaúdur, ſo fór af
fregn; Pharao þeirra líke, fargadiz
líka ſliótt; einninn Chore og Abiram,
um þá vard og ſkiótt, ſem Egyptſks Frums
þad illſku hram, allt daúdt var um Nótt.
21 Enn lánglífinu lofad er, med luctu
og gódum Rádum, þeim fiórda Bodord
fylla her, og fara ad Dróttinns rádum;
Grædarinn gloggt ſo tier: Jardrkíd ſem
ódals arf, eignaz hógværer, þar med er
Gud þeirra athvarf, ſem þreytaz grá-
hærder.
22 Lángafar Chriſti fyrer flód, fræg-
ſtan alldur hlutu, þá var Jordin græn og
gód, giæda þeirra nutu, Adam En-
os Seth, einnenn Mahalaleel,
Lamech og Jareth, Matuſalem
traúſtann tel, og trúlynds Noa eg get.
23 A olldum ſeinne æfe ſkamt, itar miñe
þreidu, af lífdogum þó ſeger ſamt, ſadd-
er hedann deydu, ſem Abraham ept-
er flód; odladiz Job í anda hýr, áriñ

 morg

morg og góð; sá í hærstre birtu býr, so
blessar sína þjóð.

24 Johannes í sinne sjón, sá þá gom=
lu öldúnga, ljómande fyrer lambsins
trón, líka so sem únga, enn voru
þeir eg tel, sem lögduz her með láng=
gædt líf, og lúduz under hel, enn þeim
gengur nú epter kíf, eylíflega vel.

25 Eins mun Drottinn annazt þig, í elle
þinnar raúnum, hann hefur gefed þer
siálfann sig, og sælu heited laúnum, ef
þú þolugur þreir, þó lemstur og daúda
legge hann á, það læknaz þegar þú deyr,
veit hann best hvad þig vill þiá, og þeck=
er brotinn reir.

26 Baráttu góda hefur þú heid, og her ept=
er muntu krýndur, af er hlaúpid æsku skeid,
einninn sigurinn fyndur, so flestallt full=
komnad, hedann af fram huxa má, ad
hverfa lande ad, og hofn sem villtu hitta
á, himnaríke er þad.

27 Vid ordid Drottins æ þer hallt, ef
þú villt þar lenda, stirkur í trúnne standa
skallt, og stødugur allt til enda, hólpinn
þú ert þá, epter þreyting þessa kífs, þú
skallt hvílldar fá, útlegd þegar lidinn er
lífs, landsvist Drottne hiá.

28 Þadan af mun þer elle eymd, armæda
ei

ei giøra, helldur sorg og hugraún gleymd,
þvi heilbrigdur munt vera, og úngur i añ-
ad sinn, ei mun sliófgaz upp frá þvi, þiñ
aúgna skarpleikinn, heyrn og mælskann
ferſk og fri, og fagur likaminn.

29 Siá þinn Gud hefur gædskugiarn, gefed
þer æfe lánga, ad umsnúiz þú eins og
barn, og inn meger sdann gánga, i helg-
ann himnasal; enn ómegd þina lát þer
liúft, ad lida so sem skal, þo þer stund-
um þyke hriúft, i þessum eymdadal.

30 O stór hreinn med aúngvann þiósk, er
úngbarnanna like, sins Drottins sem
sygur brióst, sá er i himnaríke, tignar-
mestur mann, vansærann þó vit og mál,
vanta kunne þann, hanns endurfædda edla
sál, erfir himna rann.

31 Fyrst þer allur forlar þinn, fyrre Mañ-
dómskraptur, sem blaútt og veslegt bród,
er minn, barn ert ordinn aptur, þenk um
þá ímynd, ad algior sert i allre dygd,
eins og nýfædd kind, sem vit hefur ei ad
veita stygd, vidskild alla Synd.

32 Æfedagsins er þin stund, ellefta nú
kominn, huxa þvi á Herranns fund, heim-
for þina og dóminn, og gior nú gott af
þer, á himnum so ad safner siod, eñ sof e
lengur her, þiónustu Gude þina bióð, þad
sem epter er.

33 Helgra Karla dæminn dýr, drag til
breÿtne þinnar, lengur enn Madurinn lifer
hanns týr, af lofe gudrækninnar, Jacobs
haf lund her, trúar skal þín hondin hraúst,
hallda Gude ad ser, þad fasta lát ei fang-
tak laúst, fyrr enn hann blessar þer.
34 Annad her eg einninn tel, Israels
var dæme, breyt sem þeir med blídu þel,
blessa þitt afkvæme, og alla Herranns
hiord, þíner Nidiar þursa mest, þessa
bænagiord, því fodursinns Arnan bygg-
er best, bornunum hús á jord.
35 Abraham fyrer andlát sitt, ellu ráde-
stafade, og er því ráð, því opt er hitt,
erfíngiunum skade, ef ei er álnum skipt,
athuga þetta ádur enn þer, er í burtu kippt;
ef býdz tilfære betur ser, ad born þín
være gipt.
36 Tobias kende helgann hátt, hollum
arfa sínum, þá hina Hugre eins þú átt,
med áminníngum þínum, ad draga á
Drottinns veg; Med Kóngsmanninum
Kný þín hiú, til Christum seu ei treg,
gamallra Manna gódgierd sú, Gude er
þægeleg.
37 David laúnguni dapur bad, Drottinn
gleym mer eige; áttu ad giora einninn þad,
á hormúngar dege, ad hropa í himininn, í
Neyd-

Neydinne þig nálægez, Naúdhiálpare þiñ,
sá sem bad þá sáladiz, siálfann foduriñ.

38 Af þvk þin er ellinn lit, ordinn so sem
Svanur, þeigiande ecke i sorgum sit, sing-
iande er hann vanur, opt um æfe sætt,
enn mót daudanum miúkast þó, margur
hefur þeß gætt, elleraúner ádur enn dó,
eins feck Simeon bætt.

39 Enn þá þú ert uppgefinn, og aller
kraptar dofna, dvínar ad Kvollde dag-
ferdinn, í Drottne áttu ad sofna, sem
Jacob lúinn á leid, á Mork let hvílaz
módust bein, Morgundagsinns beid, hann
sitt lagde hofud á stein, og hafde aúngva
neyd.

40 Hiálpræþesinns hellann kær, Herrann
Jesus kallaz, daúdanns svefn þer verdur
vær, ef von og trú þin hallaz, á þann
edla Stein, himnastigann þá hitter ønd,
enn hvorke sorg ne mein, hollds þó slitne
og hennar bond, hvíla i Jordu bein.

41 So miked skal sagt um siñ, ad sesa raún-
er kalla, hærste sálar hyrder minn, hugge þá
nú alla, sem elle þóngar þrá, so hinkre
epter Herrann fund, heiminum lauser frá,
dapre bid eg í daúdanns stund, Drottinn
blesse þá.

42 Fyrer æru dygd og aúdnulag, elleprydd-

 ra

ra Manna, og gamallra Kvenna heidurs hag, sem hugvit olldúngauna, dýrdinn Drottne se, þiente oß úngum þeirra rád, í þægu uppfóstre; blessadur enn med bæn og dád, biarga Christninne.

43 Dyrd se Gude og heidur hár, hann all=margann lídur, lenge fram̃ i élle ár, og idrunar þeirra bídur, sem annars færiz fliótt, ef yfer þá felle í æskutíd, medann athæfid er liott, til batnadar því lætur lýd, lifa og deya úr sótt

44 Gud þeim ýngre gefe til Nád, gam=allra dygder virda, og fýdra fedra þarfleg rád; enn þeirra elle styrda, annazt eins sem ber: heyr nú Drottinn hvors eg bid, þá hiálpinn Manna þver, þá strax take þínar vid, þýdar Nábiarger.

45 Eigna eg þennann **Elledict**, elsku Fodur mínum, orvasa manne opt er hryggt, í alldurdóme sínum, því óska eg þeß, ad **Magnus** fyrer munne ser, mæle hród=rar veß, helgar munú hellst á mer, hrína bæner Prests.

46 Alldur þióda eg befel, under Drottins Náder, mína Fedur tvo sem tel, er taka ad hrørna báder, og þeirra visin veik, blómgiz þeirra frómleg frægd, þó solne holld sem eyk, sanna finne sálarhægd, þó sofne úr óstirkleik.

47 A enda er kliádur ódur Min, Ellefró skal heita, þeim sem han er þrátt kvedin, þýdur Gud unn veita, glede og hugar hæd, bid eg þeirra endiz öll, eymd med fride og frægd, so lidner sie i liósins höll, líf og fulla Nægd.

Elle-Diktur.
Auctoris.

Heyrdu fader aa himnum mig, huggarinn aúmra þióda, hiálpadu mer ad heidra þig, af hiartanns grund, med liúfre lund, þú gafst mer alla æfestund, ordid þitt hid góda.

Þad lifande sád var læknisbót, og lífgun sáln minne; þó klaga eg hitt af hiartanns rót, ad harla síd, var sú tíd, þann Kosta dryck eg kenndiz vid, kominn úr hyrdslu þinne.

Því komed er nú ad Kvellde dags, eg kann þad giorla finna, þó ad eg vilde leita lags, ad lækna þad, strax í stad, sem Salomon víse víkur ad, fyrer veikleik aúgna minna.

Æskann vard mer ecke trú, eg eydde tímanns blóme; gálaús miog, þad græt eg nú, enn gomlum er, hugbót her; kome sú tíd hann siáe ad ser, í sínum alldurdóme.

Samt þó hef eg seint adgád, og Salomons rád ei hallded, enn ad vill dynia ellin brád, því aúgna sýn, hrorn-ar mín, því flý eg nú Herra af hug til þín, so hægiz Synda gialldid

Þeir

Þeir fárlegu tímar fara í hond, sem fróde Madurinn sagde; þó mig hafe sú þþdíng vond, þanninn frekt, her til bleckt, ad elle hef eg enn alldrei þeck, utann á þessu bragde.

Sól og Túnglid sþniz Mer, so sem ad birtu tíne, slímid þad fyrer aúgum er, eins og skþ, velldur því, laúgaz tárum, líka í, þo lesturinn bóka dvíne.

Vaktarar húßinns hendur tvær, nú hafa ei þrótt ad vinna, helldur siallðannhrærde eg þær, medann hraústur var, til þarfa þar, síst þad rækte sem mer bar; enn sonur Guds bót mun finna.

Þeir sterku bogna finn eg frekt, ad fætur styrdna míner, æskann hefur mig eñ þá bleckt, því af eru logd, glímubrogd, sá ádur þóktiz fær vid flogd, faúskur nú gánge tíner.

Milnur fæcka, falla tenn, eg finn ad Jaxlinn skeikar, sem moludu fordum margar senn, maganum bravd, nóg í navd, þeirra hús eru ordinn aúd, so af eru barnaleikar.

Á strætum luktar standa dyr; nú stoda ei ferder lángar; Karl er hnepptur heima kyr, hvorge nær, reikad fær, Herra veit, miet heiller þær, eg hafe ei giorder rángar.

Mol=

Mølunar þer nú minka hlióð, þá muñ-
urinn ókyrt ræder, þyke mer hindrun
þeige góð, því að eg vil, bera mig til,
minu giora á mále skil, enn margur að
gomlum hæder.

Renar giorvallt raddarlag, so rámur
Karl má þegia, sígur geiblann ferhvorn
dag, se hann þá, heimskum hiá, spott
og dár mun fullskiott fá, þeir súsla og við
honum sveja.

Saúngvara dætur byrgiaz brátt, þá
bæde eyrun dofna, enn fuglinn galar þá
furdu hátt, fer so þá, ecke má, fyrir kulda
og mæde Karlinn sá, klæð fár heima sofna.

Siónargluggur aúgað er, þaú odum
dymmaz bæde, mer sú plága makleg er,
því medann eg sá, bætur á, idkan hafde
eg aúngva þá, so ædre mentan næde.

Mun þá blómgaz Mandeltre, þá
madur er grár af hærum, Grashoppum
þo þýngre se, það eru bein, krept og sein,
því feiur og skorpinn súl með Kvein, fær
hann litla æru.

Þeir gánga um kríng sem kveda af sorg,
so kvein er sárt að heyra, bæde um Stræte,
tún og torg, trege er þá, í hvoire krá,
borinn er út um síder sá, so seger ei af
honum meira.

Því

Því se eg nú loks hvad **Salomon** vill, med **Silfur snwruna** meina, þo mig hafe bleckt sú bernskann ill, hún bröstin er, sundur her, þad alldurs blómid folna fer, sem fegurdar skárt má greina.

Og **Gullkedian** þornar þá, er þrýtur dygdanæme, hvad skarpsinnadur vel skína má, sá skinugur var, vída þar, af lærdum heyrde listugt svar; og lifande epterdæme.

Enn nú er mer skomm ad skíra frá, mín skióla lak vid brunna, hvad þad gott eg heyrde og sá, hvarf í vind, því er nú blind, hyggian mín sem hórsinn lynd, þar heidur er gott ad kunna.

Her nærst veit eg hliódid brestur, hrapar ad deprum daúda, er eg nú her sem annar gestur, æfinn leid, fúrdugreid, ódum fram um æsku skeid, so endíng verde naúda.

Salomons er sú meiníng merk, þad meigum vier giorla skilia, áminnfng so stráng og sterk, medann stendr blóm, æskann fram, hann bidur vier hrædumz dýrann dóm, Dróttinns stundum vilia.

Os seint verdur opt ad gád, enn óvíss stund vors daúda, kemur á morgann bisa bráð. Því bid eg nú enn, konur og

menn

menn, giorum ver idran aller señ, fyr-
er Drottinns dreirann raúda.

Af hiarta græt eg Herra minn, þá
hormúng sárra naúda, ad ei hef eg
dóminn óttaz þinn, ne ógnar pín, reide
þín, enn ódum lídur æfinn mín, allt
ad deprum daúda.

I daúdanns neyd þú minniz mín,
miúklega eg þeß beide, Jesus fyrer þá
eymd og pín, sem á þer lá, vertu hiá,
ad mýkia alla mædu þá, mier þú hietzt
med eyde.

Þá hverfur bæde heyrn og mál, hef
eg ei megn ad ræda, medtak Jesus
mína sál, so mege eg med frid, skiliaz
vid, i daúdanns ógn þú legg mer lid,
og láttu hann mig ei hræda.

Jesus þú sem ert vort líf, og upp-
risann vor sanna, fyrer ásókn diefuls
allre hlíf, einkum þá, vert mer hiá, í
andlátstíma er aúngu má, orka fullting
manna.

Þitt sæta ord mer se þá bót, sann-
lega allra meina, því helld eg lengst í
hiartans rot, þú heiter ad sá, skule ei siá,
daúdanns kvol þó fare her frá, í fagn-
nadar sælu hreina.

Fel eg mig nú med fullre trú, fader
á

á hendur þinar, og allt þad lán mer unnter þú, ástmann. hvorn, Konu og born, þín Miskun sie þeim milldug vorn, þó mínu líse linne.

Þá skaparinn vill eg skiliez vid, mín skinsom born á líse, af innstum rótum eg þess bid, Jesu minn, fyrer milldleik þinn, gef þaú ende alldur sinn, so yfer ei smánin dríse.

Eg lofa þig æ fyrer aúdnu þá, er ord þitt letzt þeim kenna, flocke þessum þad mun hiá, og þeirra lid, halldaz vid, þú leid þaú oll í lífsins frid, þá lyktar heiminn þenna.

Kýs eg ad aller christner menn, fyrer kraptinn orda þinna, þá mer tiltrúder ádur og enn, þad edla Sád, færa á lád, þýdiz Jesu þína Nád, so þig mege blídann finna.

Eylíf dýrd og æraun mest, se einum Gude ad vanda, sá faderinn Náda barnid best, let bera vor mein, hvor sem ein, þeim laúsnara heims se lofgiord hrein, med lifande heilogum Anda.

A enda sende eg ELLEDIKT, sú ósk mín halldst lenge, ad mer og þeim se minneligt, sem mál er ad, hura þad, sied hef eg skrád hvad Cyrus kvad, þá sá hann á Cræsus genge.

A enda oegrid huxe hvor, vort hánger líf á þræde, og enn þo gánge allt í kior, þá er sá meir, sæll er deyr, heilaglega, enn hinn er þreir, her skal enda Kvæde.